

Reglur vegna bekkjarkvölda.

1. Umsjónarkennarar bóka bekkjarkvöld í dagbók salar, skrá stofnunúmer þeirrar stofu sem skemmtunin verður haldin í og nafn og símanúmer ábyrgðarmanns t.d. bekkjarfulltrúa.
2. Ekki skulu vera fleiri en tvö bekkjarkvöld á sama tíma.
3. Ábyrgðaraðili sækir lykil til ritara samdægurs, kvittar fyrir móttöku, hittir húsvörð sem fer yfir hverju þarf að huga sérstaklega að.
4. Skólinn skal vera læstur meðan á bekkjarkvöldi stendur. Gætið þess að einhver sé ábyrgur fyrir anddyri.
5. Millihurðir skulu vera lokaðar meðan á bekkjarkvöldi stendur. Þetta eru stóru hlerarnir á göngugötunni og hurðir á 1. og 3. hæð, sitt hvoru megin við stjórnunarrými.
6. Bekkjarfulltrúar eru ábyrgir fyrir því að hreinsa, ganga frá og læsa húsi.
7. Lykli skal skilað til ritara f.h. næsta dag.
8. Hægt er að fá lánaðan geislaspilara hjá húsverði en aðgangur að tækjum í sal er aðeins í boði ef kennari er til staðar.
9. Mikilvægt er að framfylgja öllum reglum og athuga vel að skólareglur m.a. um umgengni eru líka í gildi á bekkjarkvöldum.

Að lokum er gott að hafa það í huga að ganga frá öllu eins og um eigið hús sé að ræða.

Góða skemmtun!